

Skipulagsfulltrúi Strandabyggðar  
Hlynur Torfi Torfason  
Dalabyggð

Reykjavík, 24. maí 2023  
UST202304-272/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag – Kvíslatunguvirkjun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Strandabyggðar er barst 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og að nýju deiliskipulagi fyrir Kvíslatunguvirkjun með 9,9 MW uppsett afl.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að hluta landbúnaðarsvæðis í Selárdal, þar sem fyrirhugað er að reisa stöðvarhús, verði breytt í iðnaðarsvæði. Auk þess segir að ofar, þar sem nú er óbyggt svæði, verði gerð grein fyrir helstu mannvirkjum tengdum virkjuninni, þ.e.a.s. stíflum, miðlunarlónum og öðrum veitumannvirkjum. Einnig verða vegir, raflínur og efnistökusvæði tilgreind í skipulagsbreytingunni.

Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir inntakslónum þar sem hæð stíflu er 9 og 11 metrar og lengd stíflu er 500 og 290 metrar. Tillagan gerir einnig ráð fyrir miðlunarlóni þar sem hæð stíflu er 18 metrar og lengd hennar 880 metrar.

Einnig segir að skipulagssvæðið nái til jarðanna Gilsstaða og Staðar (ásamt Hofstöðum). Gilsstaðir eru í einkaeigu en jörðin Staður er í eigu ríkisins. Samkomulag liggur fyrir á milli Orkubús Vestfjarða og Gilsstaða um nýtingu lands og vatnsréttar til virkjunarinnar.

### **Lög um stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála segir: „*Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.*“

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Eins og fram kemur í 1. gr. laganna er markmið þeirra að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um stjórn vatnamála er öllu vatni skipt niður í vatnshlot og gerðir vatnshlota og eru yfirborðsvatnshlot metin út frá skilgreindum líffræðilegum gæðapáttum auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra þátta eftir því sem við á. Vernda skal og tryggja að ástand vatnshlotanna versni ekki.

Vatnshlotin, sem eru innan framkvæmdasvæðisins, eru Svartagilsvatn (101-998L) og Þjóðbrókargil (101-433R), auk þess er verið að veita vatni með skurðum sem getur haft áhrif á Selá (101-129R)<sup>1</sup>

Framkvæmdaaðili þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdirnar komi til með að valda hnignun á ástandi vatnshlotsins (eða mögulegri hnignun) og hvort framkvæmdin komi í veg fyrir að mjög gott vistfræðilegt ástand vatnshlotsins náist. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki getur Umhverfisstofnun skv. 18. gr. l. um stjórn vatnamála heimilað breytingu á vatnshlotinu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr.

Umhverfisstofnun bendir á að ef matið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar vatnshlots en vatnsaflsvirkjanir falla undir slíkar breytingar á vatnshlotum.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru vötn og tjarnir, m.a. Svartagilsvatn og Efri-Kotvötn.

Umhverfisstofnun bendir á að vötnin og tjarnirnar, sem eru á skipulagssvæðinu, njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um tjarnirnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á tjörnum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

---

<sup>1</sup> [www.vatn.is](http://www.vatn.is)

## Loftslag

Í greinargerð kemur fram að á árinu 2022 var olíunotkun vegna varaafslskeyrslu tæpir 32.000 lítrar, sem samsvarar rúmum 84.000 tonnum af CO<sub>2</sub> með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á loftslag, en með tilkomu virkjunarinnar og miðlunarlóna hennar verður keyrsla varaafslsvéla nánast óþörf. Umhverfisstofnun tekur undir að minni brennsla jarðefnaeldsneytis er alltaf til bóta fyrir umhverfið en réttlætir þó ekki önnur umhverfisáhrif sem af framkvæmdinni orsakast.

## Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa neikvæð árif á landslag og ásýnd svæðisins. Í dag, eins og kemur fram í tillögunni, er um að ræða óraskað hálendissvæði með tjörnum, vötnum, landslagi og fuglalífi. Hér er lögð fram tillaga að breyta þessu óraskaða svæði í raskað 25 km<sup>2</sup> iðnaðarsvæði með lónum, stíflum, skurðum, þrýstípípum og uppbyggðum vegum til að framleiða einungis 9,9 MW af raforku.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að til samanburðar er afl Hvammsvirkjunar 95 MW þar sem mesta hæð stíflu er 18 m og stærð lóns 4 km<sup>2</sup>.<sup>2</sup> Í þessari framkvæmd er afl virkjunarinnar einungis 9,9 MW, hæð stíflu miðlunarlóns er sú sama, 18 metrar, og stærð miðlunar- og inntakslóna um 2,6 km<sup>2</sup>.

## Óbyggð víðerni

Í greinargerð segir að hluti af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar falli innan stærsta samfellda óbyggða víðernis Vestfjarða. Umhverfisstofnun bendir á að í náttúruverndarlögum segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Óbyggð víðerni eru skilgreind svæði í óbyggðum sem eru að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess áhrif framkvæmdanna á óbyggð víðerni séu metin.

## Umhverfisviðmið

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar<sup>3</sup> eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umhverfismatstafla (tafla. 4) sé í

<sup>2</sup> <https://www.landsvirkjun.is/hvammsvirkjun>

<sup>3</sup> <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, en fjallað er um þessi atriði í greinargerð.

### **Valkostir**

Í greinargerð segir að í umhverfismatinu verða þrír kostir skoðaðir og bornir saman. Þegar umhverfismat liggur fyrir verður skynsamlegasti kosturinn valinn með tilliti til kostnaðar orkuframleiðslu, hagkvæmni og umhverfisáhrifa. Auk þess kemur fram að markmið verkefnisins er að bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og í Inn-Djúpi, bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu inn á dreifikerfi raforku.

Umhverfisstofnun bendir á að valkostirnir sem settir eru fram eru þess eðlis að þeir valda raski á íslenskri náttúru. Umhverfisstofnun bendir því á að aðrir valkostir séu einnig skoðaðir til að ná þeim markmiðum sveitarfélagsins að valda minni umhverfisáhrifum en fyrirhuguð eru.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**Sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**